

MONITOR




TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



WRIGLEY'S
Extra[®]

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur..



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Góður sauma-klúbbur

Staðan á þér: Ég hef verið töluvert að trúbadorast en svo hef ég unnið hjá fyrirtæki sem heitir S. Guðjónsson í þrjú ár og er þar verslunarstjóri í sýningarsal sem heitir Prodomo. Ég hef líka verið að vinna að sólóefni og við Vignir í Írafár erum búnir að taka upp heila plötu sem við höfum unnið svolítið í, en það er engin pressa. Svo stefni ég á að gefa út sólóplötu á næsta ári og það gæti vel verið að fyrstu tvö lögini komi út í ár.

Staðan á hljómsveitinni: Við erum bara í meðvituðu fríi. Við áttum alveg ótrúlega góðar stundir saman frá 1998 til 2003 en fórum svo aðeins að hægja á okkur. Áður en við vissum af þá hittumst við í jólapartí og vorum ekkert búnir að spila í ár. Við hættum samt aldrei. Það getur vel verið að Land og synir komi með lag á þessu ári og við spilum kannski eitt til tvö gígg í haust, en annars erum við bara voða slakir.

Hápunkturinn: Það var alveg klárlega þegar við skrifuðum undir plötusamning hjá Warner Brothers í Bandaríkjunum. Við fengum alveg gífurlega góðan séns á að gera mikið úr okkur, enda var þetta risastór plötusamningur, upp á 350 þúsund dollara. Þá gáfum við út plötu á ensku en fólk var ekki alveg að taka þetta alvarlega hér heima. Það voru samt alveg ótrúleg nöfn sem komu að henni. Svo voru þessi ár auðvitað líka meiriháttar hér heima, að fara hring eftir hring í kringum landið og spila fyrir fólkið.

Sérstaða Lands og sona: Kannski bara gleðin. Við lítum á okkur sem góðan vinaklúbb og vorum aldrei að reyna að vera með neinn töffaraskap. Við geystumst bara áfram á lífsgleðinni. Það hefur nú fleytt mörgum liðum vel áfram á HM.



JARÐBUNDINN HREIMUR
ÖRN HEIMISSON GEYSIST
ÁFRAM Á LÍFSGLEÐINI

HREIMUR

Hljómsveit: Land og synir
Starfaði: Frá 1998 en hefur verið í hléi síðustu ár.
Helstu slagarar: Lífið er yndislegt, Vöðvastæltur, Dreymir, Ástarfár, Terlín.
Hvaðan: Frá Hvolsvelli og sveitunum í kring.
Mest selda platan: Alveg eins og þú (1998).



GULLÁRIN LANDSLIÐ ÍSLENSKRA POPPARA
VAR ALLTAF MEÐ LÚKKIÐ Á HREINU



Manstu eftir því þegar **Addi Fannar** var með dredda, **Valur** og **Íris** voru konungur og drottning

HVAÐ VARÐ UM LANDSLIÐ

þjóðvegina á rútum troðfullum af sumarsmellum. **Monitor** ákvað að taka stöðuna á landsliði

Blóðmjólkaði Akureyri

Staðan á þér: Ég er ekkert í fríi. Spila bara eins og vitleysingur. Ég er búinn að vera á Akureyri í tvö og hálf ár og er eiginlega búinn að blóðmjólka það og ætla að flytja aftur suður með fjölskyldunni. Nánast búinn að spila í hverju einasta heimahúsi. En nú er ég að undirbúa Bræðsluna sem fer fram 24. júlí, er bræðslustjóri og það gengur mjög vel. Platan mín var svo að koma út í Bandaríkjunum í byrjun mánaðarins en ég reikna ekki með að fara neitt út að fylgja henni eftir.

Staðan á hljómsveitinni: Við höfum verið í fríi frá áramótum. Þetta er fyrsta almennilega fríið okkar síðan ég gekk í hljómsveitina 1999.

Við gáfum út plötu síðustu jól, sem við vorum tvö til þrjú ár að dunda okkur við og vorum orðnir svolítið lúnir, auk þess sem einn okkar þurfti að fara í aðgerð og huga aðeins að heilsunni. Við ákváðum því að slappa aðeins af.

Hápunkturinn: Það voru þarna nokkur ár sem við spiluðum eins og hundar, hvar sem við gátum og fyrir alla sem vildu. Við tókum nokkra páskaþúra þar sem við bjuggum í rútu í svona fimm daga og spiluðum alstaðar fyrir fullu húsi. Það var eiginlega hápunkturinn fyrir okkur. Svo höfum við spilað átta sinnum á Þjóðhátíð og þótt við höfum spilað úti um allt og farið níu sinnum til útlanda að spila þá toppar ekkert Þjóðhátíð á góðum degi.

Sérstaða Á móti sól: Þegar við byrjuðum vorum við eina ska-hljómsveitina á Íslandi og það er enn helvíti mikið ska í okkur. Það heyrir kannski ekkert á plötunum en við fáum ennþá kikk út úr því að spila gömlu ska-lögin.



ROKKSTJARNAN
MAGNI ÁSGEIRSSON
ÞARF EKKERT FRÍ

MAGNI

Hljómsveit: Á móti sól.
Starfaði: Frá 1996 og starfar enn.
Helstu slagarar: Á þig, Spenntur, Djöfull er ég flottur, Keyrðu mig heim.
Hvaðan: Titluð Selfosshljómsveit en meðlimir koma einnig frá Hveragerði og Borgarfirði eystri.
Mest selda platan: 12 íslensk topplög (2004).



VIRKIR SKÍMÓ
ER MEÐ ELDRÍ
POPPSVEITUM EN
JAFNFRAMT ÞEIM
VIRKARI

Ennþá allt á fullu

Staðan á þér: Ég er í BA námi í alþjóðafræði í Háskólanum á Bifröst. Það gæti ekki farið betur saman með hljómsveitarlífinu. Bara unnið um helgar og skólinn á virkum dögum. Bara synd að maður hafi ekki byrjað fyrr, en það er betra seint en aldrei.

Staðan á hljómsveitinni: Við erum í fullu fjóri. Það er búið að vera fínt að gera það sem af er þessu ári. Við tókum okkur smá frí í byrjun júní en erum að vinna að nýju efni og verðum að spila mikið í júlí og ágúst. Svo við stefnum á að klára þetta ár með stæl.

Hápunkturinn: Gullaldrárin okkar voru líklega frá 1998 til 2000. Þá gáfum við út plötuna Nákvæmlega sem kom okkur upp í hæstu hæðir og gerði okkur að einni af stærstu ballhljómsveitunum.

Sérstaða Skítamóralis: Það er mjög sérstakt að kjarninn í hljómsveitinni hefur verið sá sami frá því hún var stofnuð 1989. Það er ekki hlaupið að því að finna hljómsveitir sem fjórir einstaklingar hafa verið í frá byrjun. Það hellast yfirleitt einhverjir úr lestinni og nýir koma inn.

GUNNI ÓLA

Hljómsveit: Skítamóral.
Starfaði: Frá 1989 og starfar enn.
Helstu slagarar: Farin, Myndir, Ennþá.
Hvaðan: Selfossi.
Mest selda platan: Nákvæmlega (1998).





Barnagæfa í bandinu

Staðan á þér: Eins og flestir aðrir í bandinu er ég búin að stofna fjölskyldu. Við nýttum öll tímarn vel og ég held við höfum öll átt barn á einu og hálfu ári. Svo hef ég verið í námi í Danmörku, fór fyrst í söngskóla og svo söngkennaranám. Þannig að ég er búin að vera í tónlistinni þótt ég hafi ekki verið að koma fram síðan ég eignaðist barn.

Staðan á hljómsveitinni: Við fórum í frí 2007, það var ekki bara til að segja það. Lífið snérist um bandið og það var alltaf brjáláð að gera. Það var tímabært að draga sig í hlé og við sjáum ekki eftir því. En við hlökkum mikið til að koma saman aftur en það er bara spurning hvenær það verður. Það stýttist vonandi í það.

Hápunkturinn: Það var svo margt alveg geggjað. Það var samt rosalega gaman þegar við gáfum út plötuna Nýtt upphaf. Þá fórum við í tónleikaferð sem hét Íslandstúrin og var til styrktar Einstökum börnum. Við héldum stóra og flotta tónleika út um allt land og gáfum peninginn. Við erum voðalega stolt af því og það stendur svolítið upp úr.

Sérstaða Írafárs: Ég held að við höfum okkar Írafárs-sound. Þegar þú heyrir Írafárslag þá veistu það.

Saknarðu gömlu tímanna? Ég fæ alltaf smá straum þegar ég hugsa til baka, þetta var náttúrulega rosalega gaman. Ég myndi samt ekki vilja fara aftur í þetta á nákvæmlega sama hátt. Þetta var barn síns tíma en það þroskast allir og vilja prófa nýja hluti.



LAGDI LÍNURNAR BIRGITTA KOM TÓBAKSLÚTUM OG FLÉTTUM Á KORTIÐ

BIRGITTA

Hljómsveit: Írafár

Starfaði: Frá 2000 en fór í hlé 2007.

Helstu slagarar:

Fingur, Stórir

hringir, Hvar er ég, Allt sem ég sé, Ég sjálf.

Hvaðan: Alls staðar að.

Mest selda platan: Allt sem ég sé (2002).



í Buttercup-landi og Birgitta stóð gleitt? Sveitaballahljómsveitirnar réðu ríkjum og tættu upp

Þ ÍSLENSKRA POPPARA?

Íslenskra poppara, nú þegar um **tíu ár** eru liðin frá endalokum sveitaballamenningarinnar



TOPPURINN BERGSVEINN ARELÚSSON ER ENNÞÁ MED HÓKUTOPP EN HANN ER ORÐINN GRÁR

Kótilettukarl á daginn

Staðan á þér: Ég vinn hjá Ölgerðinni, í hráefni fyrir matvælaíðnað með bakarí sem sérgrein, og hef gert í mörg ár, í rauninni síðan hljómsveitin hætti. Ég hef gefið út sólóplötu síðan þá og hef verið að vinna með Vínun vors og blóma svo maður er ekkert hættur. Maður kemur í þetta svona annað slagíð en að vera í þessu á fullu er bara lífsstíll. Ég get ekki verið kótilettukall og einhver brjáláður rokkari á sama degi.

Staðan á hljómsveitinni: Hljómsveitin er hætt en mun alveg pottþétt koma saman aftur einn daginn.

Hápunkturinn: Það var líklega þegar við fengum fyrsta plötusamninginn. Það var gríðarlega flott moment. Svo tókum við Eldborg og Þjóðhátíð á sömu helginni sem var nokkuð stórt. Eldborgarhátíðin verður auðvitað ekki haldin aftur svo það verður ekki leikið eftir!



BERGSVEINN

Hljómsveit: Sóldögg

Starfaði: Frá 1994 til 2002.

Helstu slagarar: Friður, Svört sól, Leysist upp.

Hvaðan: Reykjavík.

Mest selda platan: Breyt' um lit (1997).

Sérstaða Sóldaggar: Sérstaða okkar var kannski að við vorum mjög góðir „live“.



LÍTÍÐ BREYTT ÍRIS KRISTINS-DÓTTIR ER ENN SPRÆK



ÍRIS

Hljómsveit: Buttercup.

Starfaði með hljómsveitinni:

Frá 1999 til 2001.

Helstu slagarar:

Endalausar nætur, Meira dót, Af hverju, Aldrei.

Hvaðan: Vestmannaeyjum, Ísafirði, Reykjavík og Hafnarfirði.

Mest selda platan:

Buttercup.is (2000).

Náði nokkrum flöskuböllum

Staðan á þér: Ég er í Kvikmyndaskóla Íslands að læra leiklist og útskrifast þaðan sem leikkona um næstu júl. Ég sem ennþá mikið af textum og hef sem dæmi samið texta fyrir lagahöfundinn Halldór Guðjónsson, meðal annars fyrir lög í Söngvakeppni Sjóvarparsins og ég samdi líka texta við Ljósanæurlagið 2008. Ég og Heiðar, sem var með mér í Buttercup, erum líka svolítið að semja saman. Þetta er eitthvað sem verður alltaf í manni en núna er ég aðallega að einbeita mér að því að verða leikkona - sem var alltaf draumurinn.

Staðan á hljómsveitinni: Ég hætti í henni árið 2001 og hún er ekki virk í dag, en ég held hún hafi aldrei formlega hætt.

Hápunkturinn: Það var ákveðinn

hápunktur að ná í skottið á þessum sveitaböllum sem eru bara liðin tíð núna. Við náðum líka nokkrum flöskuböllum sem enginn veit hvað er í dag nema Þjóðminjasafnið, en það voru böll þar sem fólk mátti koma með eigið áfengi inn á ballið.

Saknarðu gömlu tímanna? Þetta var dásamlegur tími og ég hefði aldrei viljað missa af honum, en ég sakna þess ekki. Þá átti ég bara eitt barn en nú á ég þrjú og eitt fósturbarn og er orðin 35 ára. Svo það er aðeins minni orka í gangi.

Sérstaða Buttercup: Við vorum eina hljómsveitin þar sem voru strákur og stelpa að syngja saman. Það hafði í rauninni ekki verið síðan Stuðmenn voru.



Stjörnustríð

Reese Witherspoon og Jessica Simpson
Reese hefur látið stytta kjólinn, sem hentar hæð hennar mun betur. Beltið á kjól Jessica virkar vel en sniðið hentar henni alls ekki.

January Jones og Taraji P. Henson
Gucci-kjóllinn er flottur á þeim báðum. Taraji hefur þó vinninginn þar sem hún er í talsvert flottari skóm en January.

Carey Mulligan og Diane Kruger
Diane valdi kjól, sem er frá Calvin Klein, í mun betri lit, á meðan Carey er heldur litlaus í sínum.

Dree Hemingway og Defina Delettrez Fendi
Báðar mjög flottar en Fendi-erfinginn Defina ber Valentino-kjólinn betur. Skórnir eru aðeins of mikið af því góða hjá Dree Hemingway.



FRÍÐA RÚN EINARSDÓTTIR

27.05.92
Nemi í Verzló.

Hvað fílar þú best við lúkkið?
Mér finnst sniðið og liturinn á gallabuxunum sérstaklega flott.

Hvað fílar þú helst í tísku um þessar mundir?
Ég hef gaman að sumartískunni, bjartir litir og fylltir hælur eru heitir.

Hvaða litum gengur þú helst í?
Því miður er ég mest í svörtu og hvítu, hef þó gengið talsvert í fjólubláu.

Hvar verslar þú helst?
Mér finnst skemmtilegast að versla í Sautján, Zara, Retro og Focus.

Uppáhaldsflik?
Fyllt ökklastigvél sem ég nota daglega.

Uppáhaldsfylgihlutur?
Það eru hringar sem ég er alltaf með en ég fékk þá í fermingargjöf.

Uppáhaldssnyrtivara?
Bleikur kinnalitur.

Hvað ertu að hlusta á?
Ég hlusta mikið á útvarpið og talsvert á íslenska tónlist.

Uppáhaldsbiómynd?
Það er Sex and The City.

Hvað ertu að gera í sumar?
Vinna á Hamborgarafabrikkunni og æfa fimleika. Annars ætla ég að nýta frítímann til að skemmta mér.

Hvað ertu með í töskunni?
Body-spray, veski, lykla og síma.

Fallegasti maður í heimi?
Litli bróðir minn er sætastur.

Fallegasta kona í heimi?
Jessica Alba.

Sportlegur dömufatnaður þægilegur og smart

Fríða Rún kíkta með Monitor í Deres og vorum við hrifin af fjölbreyttu vöruúrvali þeirra. Sportlegur fatnaður í bland við tískufatnað gefur skemmtilega útkomu.



SÓGLERAUGU
Töffaraleg sógleraugu sem virka vel við sportlúkkið.
1.990 kr.
Deres

BOLUR
Klassískur síðermabolur sem hentar vel við litríka jakkann.
5.990 kr.
Deres

ADIDAS JAKKI
Hrikalega flottur jakki sem hægt er að snúa við og nota á báða vegu. Adidas götutiskan er alltaf sportleg en um leið mjög smekkleg.
21.990 kr.
Deres



ALL-IN-ONE-ANDLITS-FARÐI NR. 4
Léttur púðurfarði sem þekur vel
2.490 kr.
Body Shop

AUGNBLYANTUR BRILLIANT BLUE
Einstaklega mjúkur
1.260 kr.
Body Shop



VARA- & KINNARÖÐI ROSE PINK
Blek fyrir varir og vanga
1.590 kr.
Body Shop

DIESEL GALLABUXUR
Gallabuxurnar frá Diesel eru alltaf góðar og eru þessar sérstaklega flottar á litinn.
18.990 kr.
Deres



ADIDAS SKÓR
Gaman að eiga hvíta götusko á sumrin, þessir eru flottir með rauðu.
18.990 kr.
Deres



Myndir/Árni Sæberg



Flott og ódýr naglalökk

Fyrir um ári síðan setti Sally Hansen á markaðinn nýja línu af naglalökkum. Sala naglalakka erlendis jókst mikið er línan kom á markaðinn en þau eru seld á mjög hagstæðu verði. Lökkinn þorna hratt eða á innan við mínútu og þekja mjög vel. Það er óhætt að mæla með naglalökkum Sally Hansen. Þau eru seld í Lyfju og kosta 1.399 krónur.



McCartney á von á barni

Fatahönnuðurinn Stella McCartney er ófrísk að sínu fjórða barni. Hún og eiginmaður hennar, Alasdair Willis, eiga von á barninu í haust. Þau giftu sig árið 2003 og eiga fyrir þrjú börn. Stella er dóttir Bítillsins Paul McCartney og gefa fregnirnar honum enn frekari ástæðu til að gleðjast, en eldri dóttir hans gifti sig óvænt fyrir í mánuðinum.

Buxnalaus í Nylon-partíi

Taylor Momsen, sem er best þekkt fyrir leik sinn í Gossip Girl, er þekkt fyrir frjálsglegan klæðaburð. Eftir því sem hún kemur oft fram virðist flíkkum hennar fækka og augnfarðinn aukast. Klæðaburður hennar hæfir ekki beint aldri hennar, en Momsen er aðeins 16 ára gömul. Nú síðast fór hún á svið, í partíi hjá tímaritinu Nylon, buxnalaus og klædd hnéskokkum við topp. Taylor líkist einna helst þvottabirni á myndinni.



Opið í allt sumar!

Golf

Golfvöllurinn hentar vel fyrir alla fjölskylduna, byrjendur jafnt sem lengra komna. Völlurinn er í umsjá GR

Silungsveiði

Þúsundir silunga í vatninu og frábær veiðivon fyrir unga sem aldna, reynda sem byrjendur.

Tjaldstæði

með frábærri aðstöðu

Taktu tjaldið með þegar þú mætir í Hvammsvík. Þar er fyrirtaks tjaldstæði, grillaðstaðan alveg glimrandi fin og umhverfið undurfagurt.

Fjölskyldufjör í Hvammsvík!

Frístundasvæðið í Hvammsvík, Kjósarsýslu hefur opnað að nýju og hefur aldrei verið ævintýralegra. Hvammsvík er aðeins steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu og þar getur öll fjölskyldan átt unaðslegar stundir saman – **og öllum finnst gaman!**



Allskonar fyrir alla

Nánari upplýsingar í síma 695 5123,
hvammsvik@itr.is og á www.hvammsvik.is

 www.facebook.com/hvammsvik

„Hvað gerir fíflað næst?“

Blaðakonan, blogggarinn, sjónvarpskonan og nú síðast rithöfundurinn **Tobba** er rétt að byrja. Fyrsta upplag af Makalaus er uppselt og stefnan er sett á að gera leikinn sjónvarpsþátt upp úr bókinni.

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Ernir

bjornbragi@monitor.is
ernir@mbl.is

„Vinur minn spurði mig um daginn hvort hann ætti að setja nafnið mitt á bréfalúguna sína því honum fannst eins og hann byggi með mér, því hann sagðist sjá mig alls staðar. Ég skil alveg að fólk finnst kannski einhver yfirgangur í mér, en ég reyni að minnsta kosti alltaf að vera einlæg í því sem ég geri,“ segir Þorbjörg Marinósdóttir, sem er betur þekkt sem fjölmiðlakonan Tobba.

Í dag er hún í fullu starfi á tímaritinu Séð og heyrir, blogggar á DV.is, stýrði sjónvarpsþættinum Djúpa laugin í vetur og gaf á dögunum út sína fyrstu bók, Makalaus.

Tobba er alin upp í Smárahverfinu í Kópavogi, en segist vera mikil sveitastelpa og rekur ættir sínar til Sauðárkróks. „Ég vann nokkur sumur hjá Búnaðarsambandinu fyrir austan við að mjólka beljur og temja hesta. Fór á böll í bóffalóskóm um helgar og fékk hest í ferminargjöf. Mín lengstu ástarsambönd hafa einmitt verið við stráka utan af landi,“ segir Tobba.

Hún er óhrædd við að elta uppi ævintýrin og fór sem skiptinemi til Brasilíu í ár áður en hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Fyrir einu og hálfu ári útskrifaðist hún með BA-gráðu í fjölmiðlafræði frá háskóla í Derby á Englandi og fluttist svo aftur heim til Íslands. Það er óhætt að segja að hún hafi náð að afreka margt á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan.

Viðfangsefni þín hafa verið á vettvangi sem fólk hefur sterkar skoðanir á og kannski ekki alltaf sérstaklega jákvæðar.

Já. Þegar við byrjuðum með Djúpu lauginu fékk ég bæði aðdáendagrúbba og hatursgrúbba um mig, sem hét „Drepum skinkuna í Djúpu lauginni“ eða eitthvað álíka. Ég hef þó ekkert lent mikið í einhverju dónalegu, enda er ég ekkert að fara inn á Barnaland og lesa umræðu um mig þar. En ef þú ætlar að vera í einhverju svona og gera nýja hluti þá mun fólk hafa skoðun á þér. Ég vil frekar að fólk hafi skoðun á mér heldur en að því sé alveg sama. Þá er ég allavega að ná til fólks. Ég veit ekki til þess að einhver íslensk kona hafi náð sér í bókasamning, sjónvarpssamning og verið fastráðin á fjölmiðil á svona stuttum tíma.

Kanntu vel við þig í sviðsljósinu?

Ég hef alltaf verið athyglissjúk. Ég ætlaði mér alltaf að verða leikkona, en svo fann ég mig svo vel í fjölmiðlafræðinni og kann vel við fjölbreytnina sem fylgir starfinu. En það er fyndið að um leið og maður fær athygli þá allt í einu meikar maður hana ekki. Maður er búinn að vinna að því í nokkur ár að gera eitthvað áhugavert og vera einhver sem fólk nennir að lesa um eða vill hitta. Núna þegar fólk er farið að taka aðeins eftir mér þá meika ég það ekki. Ég hélt alltaf að ég vildi þetta mikið, en svo á ég svolítið erfitt með þetta.

Hvernig þá?

Til dæmis þegar fólk er að stoppa mann niðri í

bæ, sérstaklega á djammínu, kannski einhverjir fullir karlmenn. En yfir höfuð hefur mér verið tekið mjög vel. Ég fæ alveg fimm til tíu pósta á dag og oft ótrúlega fallega pósta frá konum. Ég fæ líka pósta frá karlmönnum sem spyrja mig um ráð. Einn fertugur sendi mér póst um daginn, hann var að bjóða út stelpu sem hann var skotin í og spurði hvort það væri asnalegt að mæta með blómvönd. Mér þykir vænt um að fá svona og svara þessu öllu.

Færðu einhverja skrýtna pósta?

Um daginn skrifaði ég blogggerslu um að ég hefði hella neonbleiku naglalakki yfir 15 þúsund króna leggings sem ég var í. Þá fékk ég póst frá gaur sem heimtaði að fá að kaupa handa mér nýjar buxur. Svo var einn sem hafði keypt sér chihuahua-hund og skirt hann Tobbu og sendi mér myndir af honum. Þetta sýnir bara hvað íslenskir karlmenn eru óframfærni. Þeir kaupa chihuahua-hunda og skíra eftir þér og vilja gefa þér leggings í staðinn fyrir að bjóða þér bara út.

Var hundurinn virkilega skírður í höfuðið á þér?

Já, hann fór ekkert leynt með það og setti inn myndir af honum á Facebook. Ég var fegin að hann „taggaði“ ekki nafnið mitt á myndir af hundinum.

Segðu mér stuttlega frá bókinni.

Hún fjallar um 25 ára einhleypa stelpu í Reykjavík, sem er nokkrum kílóum of þung og nokkrum mínútum of sein og er eiginlega alltaf í einhverju veseni. Þetta er ykta útgáfan af einhverju sem við upplifum allar einhvern tímann. Ég held að margar íslenskar konur geti tengt við hana.

Hversu mikið byggirðu sögupersónuna á sjálfri þér?

Það er erfitt að skrifa um ást þegar þú ert ekki ástfanginn sjálfur og ég hef heyrt marga tónlistarmenn segja að þeir geti ekki samið góð lög þegar þeir eru hamingjusamir. Þegar ég skrifaði kaflann þar sem henni líður sem verst sat ég heima og grenjaði við lykklaborði til að koma þessu frá mér. Auðvitað er þetta ekki allt ég og margt í bókinni er kannski eitthvað sem ég upplifði í gegnum vinkonur mínar. En sannleikurinn er miklu bilaðri en skáldskapurinn og meira og minna allt í bókinni kom fyrir mig eða einhvern í kringum mig á einhverjum tímupunkti.

Viðtökumar hafa verið góðar.

Já, fyrsta upplag, sem var tvö þúsund eintök, er uppselt.

Má ekki greina á því að það hafi verið mikil þörf fyrir svona stefnumótabíblíu?

Jú. Ég held líka að það hafi verið þörf fyrir einlæga bók sem er skrifuð af íslenskrum konu fyrir íslenskar konur. Við erum alltaf að reyna að vera svo hipp og kúl, en við erum ekkert alltaf hipp og kúl og það er bara allt í lagi. Ég þoli ekki bækur þar sem allt endar ótrúlega vel, með einhverjum Rauðu seríu-endi þar sem parið ættleiðir barn bakarans sem dó í fyrsta kafla. Makalaus er ekki svoleiðis. Þetta er

Á 60 SEKÚNDUM

Frábær sjónvarpsþáttur: Footballers' Wives. Druslur og drama. Ég sé mikið eftir þeim þætti.

Fyndin pikköplína: Kalli Baggalútur kom með eina góða um daginn. „Ertu búin að lotta flotta?“

Falleg Hollywood-stjarna:

Matthew McConaughey. Ég er reyndar með mjög slæman smekk á mönnum og var einu sinni með fetish fyrir John Malkovich.

Staður á Íslandi sem er í miklu

uppáhaldi: Austurlandið allt og Sauðárkrúkur.

Góður skyndibiti: Sushi Train. Þá getur maður drukkið hvítvín án þess að fá samviskubit því sushi er svo fitusnautt.

Þitt lið á HM: Blessaður! Ég hata fótbolta. Mitt lið er bara liðið sem vinnur af því að þá getur maður skálað fyrir því.

Gott veitingahús fyrir stefnumót:

Vegamót því þar er ódýr og góður matur, þægilegt renneri og enginn að glápa á þig. Ef ekki Vegamót þá Sushi Train því þá siturðu ekki beint á móti aðilanum, heldur eruð þið hlið við hlið og þú þarft ekki að bíða eftir matnum í einhverjum vandræðalegheitum. Ef fólk vill svo fara eitthvað mjög rómantískt mæli ég með Sushimiðjunni niðri við höfn.

Eitt frábært heilræði fyrir karlmenn: Að láta bara vaða. Hætta að spá í hlutunum og ef ykkur langar að bjóða einhverri stelpu á stefnumót eigið þið að láta vaða strax, því annars verður hún búin að næla sér í einhvern annan gæja.



bara „real life“ Reykjavík og hún er svolítið röff.

Hvað finnst þér um íslenska stefnumótamenningu?

Hún er bara loksins að verða til. Þetta var alltaf bara bíó og rúntur niður Laugavegin. Nú er fólk loksins að fatta að málið er að gera eitthvað saman, hvort sem það er að fara í skvass, fjallgöngu, sushi-kennslu eða eitthvað annað. Ekki sitja á alltof litlu borði á einhverju kaffihúsi með sveitta efrivör. Það er bara ekki málið. Stefnumótamenningin er að stökkbreytast og mér líst ótrúlega vel á hana og finnst hún briliant skemmtileg. Ég hef verið að fá frábær stefnumótatilboð upp á síðkastið.

Hvernig stefnumótatilboð?

Einn vildi fara með mig í Klifurhúsið. Einn fór með mig á svona 10. bekkjar-deit, þá fórum við í þythokki og keilu í Keiluhöllinni í ljótum skóm með táfylu. Það var mjög kjánalegt og skemmtilegt. Einn fór með mig á skauta og annar í skvass. Ég fór sjálf með einn í hot-yoga, þar sérðu strax hvað þetta er liúgt og hvað er hægt að gera við þetta. Það er margt mjög skemmtilegt í gangi. Svo bauð einn mér á stefnumót til Danmerkur í vikunni. Ég er að melta það.

Það hljómar eins og þú sért í fullri vinnu við að fara á stefnumót.

Nei, ég er mjög lítið fyrir að hitta nýja menn. Ég er með reglu sem heitir „fjögurra deita sénsinn“ sem hljómar þannig að þú mátt fara á fjögur deit án þess að það sé eitthvað alvarlegt. En eftir fjögur deit máttu ekki vera að hitta einhvern annan á sama tíma því þá ertu bara nasti. Þú mátt vera að hitta bæði Sigga

▲▲ Ég hef alveg séð umræður á netinu þar sem fólki finnst ég vera algjört skinkudrasl og eitthvað álíka.

SPÓTTIR

viðtalið



og Gunna, án þess auðvitað að vera að sofa hjá þeim báðum á sama tíma, en eftir fjögur deit verður þú að ákveða þig.

Af hverju er stefnumótasérfræðingurinn þú ekki í sambandi?

Málið er nefnilega að ég er enginn stefnumótasérfræðingur. Ég er bara þú sem fer á mikið af lélegum stefnumótum og skrifa um það. Ég vakna alveg sjálf með þynnubömmur og fer í „send skilaboð“ í símanum og fæ áfall. Ég er ekkert alveg með þetta. Það má kannski frekar segja að ég sé að opna umræðuna. Ég vil að fólk geti talað um þessi mál, bæði góðu hlutina og líka þegar því er dömpað og líður ömurlega. Okkur hefur öllum verið dömpað og við höfum öll dömpað einhverjum og það er bara allt í lagi. Fólk á að hafa gaman af þessu.

Þú stýrðir Djúpu lauginni á Skjá einum í vetur, sem var þitt fyrsta verkefni í sjónvarpi. Ertu ánægð með hvernig tókst til?

Þetta fékk sjúklega mikið áhorf og það var gaman að stýra svona raunveruleikaþætti með íslensku fólki, þar sem fólk kannast við þátttakendurna og fær smá kjánahroll og svona. Þetta er svo gott sjónvarpsfni og það fer í taugarnar á mér þegar fólk kallar þetta ódýrt drasl. Sjónvarpsþættir þurfa ekki að vera eins og Kompás til þess að eiga rétt á sér. Það er mjög erfitt að framleiða 50 mínútur af afþreyingu þar sem fólk getur skemmt sér og hlegið upphátt, ekki síst eins og Þjóðfélagið er í dag. Við eigum að hafa fullt af svona „silly“ efni sem hægt er að skemmta sér yfir.

Það var talað um að samband ykkar Ragnhildar (meðstjórnandi Tobbu í Djúpu lauginni) hafi verið orðið frekar stirt undir lokin. Var það raunin?

Það hentaði okkur ekki beint að vinna saman. Við erum mjög ólíkar og ég er náttúrulega 10 árum yngri en hún. Við pössuðum ekki vel saman, en ég ber alls ekkert slæmar tilfinningar í hennar garð. Við höfum alveg talað saman eftir þáttinn og það er ekkert slæmt á milli okkar, en við verðum aldrei bestu vinkonur og það er bara allt í lagi.

Hvað fannst þér um viðbrögðin við þér sem sjónvarpskonu?

Ég átti svolítið erfitt með þetta fyrst. Ég var í mikilli vörn og var alltaf að bíða eftir því að það yrði ráðist á mig með einhverju skítkasti eða persónulegri árás, enda fær fjölmiðlafólk oft að heyra mjög leiðinlega hluti um sig. En svo einhvern veginn kom það aldrei og enn hefur ekkert komið sem fær mikið á mig. Ég er bara þakklát fyrir það hvernig fólk tók mér. Ég hef alveg séð umræður á netinu þar sem fólk finnst ég vera algjört skinkudrasl og eitthvað álíka. En þetta fólk var greinilega að horfa fyrst það hefur svona sterka skoðun á mér og er að tjá sig. Þetta er eins og með útvarpsmanninn Howard Stern. Þeir sem dyrkuðu hann hlustuðu að meðaltali í 20 mínútur, en þeir sem hötuðu hann hlustuðu á allan þáttinn. Þetta er svolítið ástar- og haturssamband. „Hvað ætlar fiflið að gera næst?“

Finnst þér fólk vera fljótt að dæma þig?

Fólk er svolítið fljótt að dæma mig og finnst að fyrst mér finnst gaman að setja á mig varalit og vera í háum hælum hjóti ég að vera vitlaus. Ég held að ég sé búin að sanna að það er algjör misskilningur. Ef ég væri hrikalega vitlaus þá væri ég ekki búin að gera allt sem ég er búin að vera að gera á þessu eina og hálfari ári. Ég hef fengið ótrúlega mörg tilboð á undanförmum vikum. Það er uppi hugmynd um að ég fari með Makalausarferðir til útlanda, við erum að vinna í því að búa til leikinn sjónvarpsþátt eftir bókinni og svo vill forlagið mitt, JPV, fá aðra bók strax. Ef ég væri bara hálfviti þá væri allt þetta fólk ekki að setja pening í mig. Ef fólk dæmir mig fyrirfram er það þeirra vandamál en ekki mitt, en ég ætla ekkert að hætta að mæta með mitt of blásna hár og alltof mikinn varalit.

Er ekki ólíklegt að Séð og heyrnt nái að halda þér mikið lengur?

Ég er mikil baráttukona fyrir Séð og heyrnt og skrifaði einmitt lokaritgerðina mína um réttmæti slúðurblaða. Mér finnst að samfélag án svona blaðs geti ekki þrífist vel. Þetta er viss siðferðislegur rammi sem segir: „Ef þú hagar þér eins og fáviti, þá verður skrifað um það.“ Mér finnst það bara mjög nauðsynlegt. Fólk kannski lítur niður á okkur fyrir þetta. Einhvern tímann var ég spurð hvers vegna Fjölnir Þorgeirs væri alltaf á forsíðunni. Nú af því að þú kaupir hann fávittinn þinn! Þið viljið lesa um sama fólk og við getum ekki breytt því hverju þið kaupíð. Blaðið endurspeglar Ísland 100%. Það er erfitt að ráðast á okkur þegar þetta er það sem þið viljið. Mér þykir vænt um Séð og heyrnt og það er fullkomin blanda að vinna þarna í bland við bókaskrif og annað.

■ ■ Við erum mjög ólíkar og ég er náttúrulega 10 árum yngri en hún. Við pössuðum ekki vel saman, en ég ber alls ekkert slæmar tilfinningar í hennar garð.

LAUFLETTUR
SUMARLEIKUR

DREGIÐ Í HVERRI VIKU
Í ALLT SUMAR



GLEÐISPREÐ

PRINCE POLO

TAKTU ÞÁTT!

ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA ER AÐ

⇒ SAFNA 10 UMBÚÐUM ⇒

AF GÓMSÆTU PRINCE POLO

SMELLTU ÞEIM Í UMSLAG OG SENDU OKKUR

ÞÚ FÆRÐ UMSLAG Á NÆSTA SÖLUSTAÐ PRINCE POLO!

NÖFN ÞÁTTAKENDA FARA
Í POTT SEM DREGIÐ VERÐUR ÚR!

⇒6⇒

⇒GLEÐISPREÐ⇒

Í KRINGLUNNI AD VERDMÆTI

50.000 kr.

Í LOK SUMARS VERÐA DREGIN ÚT NÖFN FJÖGURRA
HEPPINNA ÞÁTTAKENDA ÚR POTTINUM

⇒4⇒

⇒GLEÐISPREÐ⇒

Í KRINGLUNNI AD VERDMÆTI

100.000 kr.

⇒ DREGIÐ Í HVERRI VIKU ⇒

Í ÞÆTTI SIMMA OG JÓA Á BYLGJUNNI

FYRSTI VIKULEGI ÚTDRÁTTURINN ER 3. JÚLÍ

LOKAÚTDRÁTTUR 14. ÁGÚST

www.princepolo.is




ALLTAF
JAFN GOTT ⇒



Portúgölsk dónastelpa Eins og flestir knattspyrnumenn á Heimsmeistaramótiinu í Afríku átti þessi stúlka í stökustu vandræðum með Jabulani-knöttinn. Boltaleikni hennar var hins vegar fólgin í öðrum og persónulegri boltum.



Andfætlingar með aðdáanda Ástralska liðið er greinilega ekki búið að sjá kvikmyndina Battlefield Earth. Annars hefði John Travolta ekki fengið treyju.



Fékk treyju Ronaldo heimsótti Nelson Mandela og færði honum portúgalska landsliðstreyju. Hann tók hins vegar hægindastól Mandela í staðinn.

HM með augum hálfvitans

Útsendari **Monitor** í Suður-Afríku veit ekki mikið um knattspyrnu og tók púlsinn á því besta **utan vallarins**



Sjóðheitir Torres og Fabregas fengu hlutverk í Dressman-auglýsingu.



Leikur án klæða Þessar blómárosir höfðu ekki efni á því að kaupa sér treyjur og neyddust til að láta mála á sig ástralska og þýska landsliðsbúninginn.



Glatt á hjalla Enski landsliðsmaðurinn Jermain Defoe grínast í félögum sínum. Þeir neituðu hins vegar að hlæja að bröndurum hans og sármaði Defoe mikið. Hann er hætturettur að tala við þá í dag.



Frændur vorir Norðmenn hafa greinilega ágætis húmor fyrir sjálfum sér og láta það ekki stöðva sig í að mæta til Suður-Afríku þótt þeirra landslið sé ekki á meðal þáttökubjóða. Mættu engir Íslendingar með íslenska fánann?



Ást við fyrstu sýn Það ætti að vera óhætt að leggja eigið líf undir á að skvísuna í græna jakkanum hafi dreymt blautan draum um David Beckham.



Mexíkóskur stuðningsmaður Þetta er náttúrulegur húðlitur hans.



Röng forgangsröðun Nígeríumenn gera heidarlega tilraun til að fela markvörð sinn, Vincent Enyeama. Hann fannst þó fljótlega enda mikið af myndavélum á leikvanginum. Nígeríumenn voru í kjölfarið beðnir um að fela sig í eigin frítíma.



Allir elska KFC Grikkjum finnst þó best að borða kjúklinginn lifandi.



Fitusprengrdur Portúgalinn Ricardo Carvalho sannar að hann má við því að fá sér stórt Snickers í eftirrétt.



Hýrir á brún og brá Roque Santa Cruz og félagar hans í paragvæska landsliðinu slá botninn í æfinguna og fara að henni lokinni saman í sturtu.



Maradona Ef Antonio Banderas væri lítill, feitur og sturlaður myndi hann líta einhvern veginn svona út.



Lífið er eins og konfektikassi Brasilíumaðurinn Kaka þarf ekki að órvænta þegar fótboltaferill hans er á enda. Miðað við þessa tilburði er hann nær öruggur um að fá titilhlutverkið í kvikmyndinni Forrest Gump ef það verður einhvern tímann ráðist í að endurgera hana.

FERILLINN



Adam Sandler

Hæð: 178 sentimetrar.
Besta hlutverk: Happy Gilmore í samnefndri kvikmynd. Sandler hefur aldrei verið myndari.
Skrýtin staðreynd: Þótt margar kvikmyndir hans hafi fengið arfaslaka dóma fá þær jafnan mjög góða aðsókn. Tímaritið Forbes reiknaði út árið 2007 að fyrir hvern dollara sem hann hefur fengið greiddan fyrir kvikmyndir sínar, hafa 9 dollarar komið í kassann.
Eitruð tilvitnun: „Mér líður ekki vel í kringum of mikið af fólki. Ég kann illa við að fara út á meðal almennings.“

1966 Fæðist 9. september í Brooklyn í New York.

1989 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd, Going Overboard. Myndin er vægast sagt hræðileg og á IMDB.com er hún í 53. sæti yfir verstu myndir allra tíma með 1,9 í einkunn.

1990 Fær vinnu sem handritshöfundur fyrir Saturday Night Live og verður meðlimur í þáttunum ári síðar.

1993 Gefur út sinn fyrsta gríngeisladisk, They're All Gonna Laugh At You! Platan nýtur mikilla vinsælda og hefur selst í meira en tveim milljónum eintaka.



Frumskýningar helgarinnar

Grown Ups

Leikstjóri: Dennis Dugan.
Aðalhlutverk: Adam Sandler, Kevin James, Chris Rock, David Spade, Rob Schneider, Salma Hayek, Maria Bello og Maya Rudolph.
Lengd: 102 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Gamanmynd um fimm æskuvini sem eru komnir á fullorðinsár. Þegar gamli körfuboltaþjálfarinn þeirra deyr ákveða þeir að hittast og eyða þjóðhátíðardagshelginni saman í sumarhúsi nokkru. Nú eru þeir komnir með konur og börn, en þótt þeir séu orðnir eldri þýðir það ekki að þeir hafi þroskast mikið.

1995 Rekin úr Saturday Night Live ásamt Chris Farley.

1995 Skrifar handritið að og leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Billy Madison og ári síðar í myndinni Happy Gilmore. Báðar fá slæma dóma en njóta mikilla



A Nightmare on Elm Street

Leikstjóri: Samuel Bayer.
Aðalhlutverk: Jackie Earle Haley, Rooney Mara, Kyle Gallner, Thomas Dekker og Kellan Lutz.
Lengd: 102 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,4 / Metacritic: 35% / Rotten Tomatoes: 13%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Sambíóin Akureyri.

Endurgerð á klassískri hrollvekjju frá árinu 1984. Freddy Kruger er sannkölluð ófreskja sem ásækir unglinga í martröðum þeirra og reynir að myrða þá. Í fyrstu virðast morðin vera handahófskennd en svo kemur í ljós að fórnarlömbin eru öll tengd atviki í fortíðinni.

vinsælda og Sandler verður einn vinsælasti gamanleikari heims.

1999

Stofnar eigið framleiðslufyrirtæki, Happy Madison Productions, sem heitir í höfuðið á kvikmynda-



persónunum Happy Gilmore og Billy Madison.

2003 Kvænist núverandi eiginkonu sinni, Jackie Sandler. Þau eiga tvö börn. Hún hefur leikið aukahlutverk í nokkrum mynda hans.

ÞAD KALDHÆDNISLEGA ER AÐ ÞEIR MÆTTU ALVEG ÓVART Í NÁKVÆMLEGA SAMA KLÆDNAÐI



Popp-korn

Í tilefni af Feðra-deginum, sem var haldinn í Bandaríkjunum síðastliðinn sunnudag, hefur kvikmynda-tímaritið Total Film valið bestu feður kvikmyndasögunnar. Á listanum eru þabbar á borð við Emperor Zurg úr Toy Story 2, þabinn úr American Pie og faðir Indiana Jones, Henry. Besti þabbi kvikmyndasögunnar er hins vegar Big Daddy úr Kick-Ass sem var eftirminnilega leikinn af Nicolas Cage.

M. Night Shyamalan frumsýnir nýjasta verk sitt, hasarævintýramyndina The Last Airbender, í júlí. Hann er hins vegar þegar byrjaður að vinna að nýrri kvikmynd og herma fregnir að Bruce Willis sé líklegastur til að leika aðalhlutverkið. Þetta yrði þriðja Shyamalan-myndin sem Willis leikur í, en áður var hann í Sixth Sense og Unbreakable. Þau Gwyneth Paltrow og Bradley Cooper hafa einnig verið nefnd sem líklegir leikarar í nýju myndinni.

Ryan Murphy, skapari sjónvarpsþáttanna Glee, segir að það sé ekki í kortunum að gera kvikmynd byggða á þáttunum. Slúðurbloggarinn Perez Hilton greindi frá því að helstu leikarar þáttanna væru samningsbundnir um að gera þrjár Glee-kvikmyndir. Murphy segir hins vegar að slíkt tal sé ótímabært. Glee-þættirnir njóta mikilla vinsælda hérlandis, en það verður einhver bið á því að aðdáendur sjái Matthew Morrison, Lea Michele og félagar á hvíta tjaldinu.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á Grown Ups. Þú þarft bara að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladi

Toppaðu námsárangurinn...

"Ég er í háskólanámi og með börn á heimili. Ég hef átt sífellt erfiðara með að komast í gegnum allt námsefnið mitt. Þegar ég kom á námskeiðið voru vorprófin að byrja og mjög stór hluti námsefnisins ólesinn..." - framhald umsagnar á www.h.is/sumar



...og kíktu á SUMAR námskeið...

"Frábært námskeið, ég náði að tvöfalda lestrarhraðann og auka skilning á einu helgarnámskeiði. Mér fannst alltaf leiðinlegt að lesa en núna hlakka ég bara til að halda áfram." - Petrea Aðalheiður, 20 ára nemi.

"Ég náði að tvöfalda lestrarhraðann eftir eina helgi." - Karl Ásgeir Geirsson, 20 ára nemi
 "Ég þrefaldaði lestrarhraðann minn á 8 klst helgarnámskeiði" - Álfhildur Þ., 25 ára nemi

"Námskeiðið er mjög hvetjandi og skýrt. Sé ekki fram á langar andvökunætur í næstu prófatörm þar sem lestrarhraði og skilningur tvöfaldaðist á einni helgi. Klárlega það sem ég var að leita eftir." - Stefánía Eypórsdóttir, 23 ára lþróttafræðinemi

"Ótrúlegt! Hefði aldrei dottið í hug að hægt væri að auka lestrarhraðann og auðvelda námið á svo einfaldan hátt." - Svanlaug Árnadóttir, 21 árs Háskólanemi



Aftur í nám?
 Meiri lestur?
 Meiri árangur?

...við höfum svarið



HRADLESTRARSKÓLINN



Skráning hafin á www.h.is/sumar & í síma 773-0100

LISTAHÓPAR HINS HÚSSINS

Lækjartorg
13:00 Þrjú listahópar, sem hafa verið valdir til að starfa á vegum Hins hússins, koma fram á Lækjartorgi á milli 13 og 14. Þeir eru Ritsveinar Reykjavíkur, sem skrifa og lesa smásögur, Vagga, sem fæst við tón- og textasmíðar og flytur lög, og Með fullt í fangi, hópur sem starfar við tónlistargæro og ljósmyndun.

OPNUNARHÓF JÓNSVÖKU

Hitt húsið
15:00 Listahátíðin Jónsvaka verður sett en hún mun standa alla helgina. Fjöldi listviðburða verður í boði, meðal annars myndlistasýningar og tónlistarviðburðir. Í opnunarhófinu mun meðal annars tónlistarmaðurinn Snorri Helgason stíga á stökk auk þess sem boðið verður upp á tónlistargjöfning í flutningi Mukkaló og Júníuss Meyvants.

CELLOPHANE

Iðnó
20:00 Einleikurinn vinsæli eftir Björk Jakobsdóttur hefur nú verið þýddur yfir á ensku og er það leikkonan Þórunn Lárusdóttir sem fer með hlutverk hennar langt leiddu húsmóður sem lendir í ógöngum þegar hún reynir að standast kröfur nútímasamfélags til kvenna. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að hafa ofan af fyrir erlendum gestum eða vilja bara skella sér á bráðfyndna sýningu á ensku.

LED ZEPPELIN TRIBUTE

Græni hatturinn, Akureyri
21:00 Í tilefni þess að 40 ár eru síðan hljómsveitin Led Zeppelin hélt tónleika í Laugardalshöll, hélt hljómsveitin Dúndurfréttir tvenna vel sóttu tónleika í Borgarleikhúsinu fyrr í vikunni. Nú eru þeir komnir í höfuðstað Norðurlands og bjóða upp á Zeppelin veislu á Græna hattinum.

JÓNSVÖKUTÓNLEIKAR

Nasa
21:00 Tónleikar á vegum Jónsvöku þar sem hljómsveitirnar Útidúr, Árstíðir, Rökkurró, Ólafur Arnalds, Sin Fan og Hjalmar koma fram. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en armband á alla þrjá tónleika Jónsvöku um helgina kostar 2.900 krónur.

EVROPUSINNAR FAGNA

B5
21:00 Sterkara Ísland - samtök Evrópusinna á Íslandi boða til fagnaðar í tilefni þess að nú hefur aðildarsókn Íslands að ESB verið sam-

JÓNSVAKA

Alla helgina

Tíminn til að vera úti að leika sér

„Það hefur sýnt sig að Reykjavík má alveg við því að hafa eina stóra hátíð í hverjum mánuði af því það er svo mikið í boði. Svo fannst mér að það ætti að gera meira á sumrin þar sem þetta er eini tíminn sem fólk getur verið úti að leika sér,“ segir Hildur Maral Hamíósdóttir, skipuleggjandi listahátíðarinnar Jónsvaka, sem fram fer í fyrsta sinn um helgina. Hátíðin miðar að því að gefa ungum listamönnum á mismunandi sviðum lista tækifæri til að sýna verk sín og verða ýmsir gjörningar og listasýningar í gangi út um allan bæ.

„Það er lykilatriði að mæta á sem flesta viðburði vegna þess að fæstir hafa séð þessa listamenn áður. Ég hef til dæmis ekki séð neina þeirra sjálf þannig að ég er mjög spennt,“ segir Hildur, en upplýsingar um alla viðburði helgarinnar má finna á Jónsvaka.is.

Þær hljómsveitir sem fram koma á tónleikum Jónsvöku á Nasa á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld eru hins vegar flestar vel þekktar og má þar nefna bönd eins og Hjaltalín, Hjalma, Bloodgroup, Mammút, Seabear, Sudden Weather Change og svo mætti lengi telja. Armband inn á alla tónleika helgarinnar kostar 2.900 krónur en 1.500 kostar á staka tónleika. Ókeypís er á alla aðra viðburði Jónsvöku.

þykkt. Fögnuðurinn hefst kl. 21 og stendur fram eftir kvöldi.

TRÚBADORAR

Hressó
22:00 Trúbadorarnir Böddi og Davíð spila frá klukkan 22 til lokunar.

LJÓÐ OG LÖG A JÓNSMESSU

Hallgrímskirkja í Saurbæ
22:00 Kammerkór Akraness býður upp á tónleika undir yfirskriftinni Ljóð og lög. Á efnisskránni verður tónlist úr samnefndum söngheftum

sem Þórður Kristleifsson safnaði saman og gaf út á árin 1939 til 1949. Þarna heyrast gullmolar sem flestir þekkinga en sjaldan heyrast.

INGÓ VEÐURGUÐ

Café Oliver
22:00 Veðurguðinn hann Ingó mundar gítarinn fyrir alla þá er vilja heyrja.

HAMINGJUNÁMSKEIÐ Á JÓNSMESSUNÓTT

Hafnarfjarðarkirkja
23:00 Hamingjunámskeið verður haldið í Hafnarfjarðarkirkju á Jónsmessunótt frá klukkan 23 til 1. Farið verður í gegnum 10 reyndar leiðir til að auka lífshamingjuna og endað á slökun og íhugun.

föstudagur

25
júní

DREKKTU BETUR

Gallerý Bar 46, Hverfisgötu 46
17:00 Þetta langlífasta Pub Quiz landsins er nú haldið í 363. sinn og hefur verið haldið á hverjum föstudegi í á áttunda ár. Athugið að vegna heimsmeistararnótsins í knattspyrnu hefst keppnin klukkan 17 en ekki 18 eins og venjulega. Spyrill dagsins er Jón Proppé.

KVISS BÚMM BAMM

Celtic Cross
20:00 Það eru bjartir tímar framundan hjá listahópnum

Kviss búmm bamm en þríeykið sem að honum stendur mun frumsýna tvö verk í haust. Eina skuggann sem ber á er að þær eru með yfirdrátt hjá bankanum en nú biðla þær til vina og velunnara sinna og halda fjárfólunarpári á Café Óliver. Aðgangseyrir er 500 krónur en ýmsar upptakur verða, svo sem tombóla og leynigæstur auk þess sem Dj Gorbatsjov þeytir skífum.

JÓNSVÖKUTÓNLEIKAR

Nasa
21:00 Tónleikar á vegum Jónsvöku þar sem hljómsveitirnar Foreign Monkeys, For a Minor Reflection,

Mammút, Agent Fresco, Seabear og Ensími koma fram. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en armband á alla þrjá tónleika Jónsvöku um helgina kostar 2.900 krónur.

LED ZEPPELIN TRIBUTE

Græni hatturinn, Akureyri
21:00 Í tilefni þess að 40 ár eru síðan hljómsveitin Led Zeppelin hélt tónleika í Laugardalshöll hélt hljómsveitin Dúndurfréttir tvenna vel sóttu tónleika í Borgarleikhúsinu fyrr í vikunni. Nú eru þeir komnir í höfuðstað Norðurlands og bjóða upp á veislu.

laugardagur

26
júní

POPUP VERSLUN

Hafnarhúsið
10:00 Í tilefni af listahátíðinni Jónsvöku verður PopUp verslun í Hafnarhúsinu frá klukkan 10 til 17. Þar mun fjöldinn allur af íslenskum hönnuðum selja hönnun sína.

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
12:00 Tónleikar í tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar 2010 þar sem Jessica Buzbee leikur á básúnu og Hörður Áskelsson á orgel. Á efnisskránni er meðal annars að finna verk eftir J.S. Bach og Guilmand. Tónleikarnir standa í um hálf klukkustund og er miðaverð 1.000 krónur. Miðasala fer fram við inngang.

SUMARDJASS

Jómfrúin
15:00 Á fjórðu tónleikum sumar-tónleikaraðar veitinga-hússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu kemur fram Danska jazzsöngkonan Cathrine Legardh. Með henni leika þeir Sigurður Flóason á saxafón, Eyþór Gunnarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Quick á trommur.

REGÍNA ÓSK OG CARPENTERS

Græni hatturinn, Akureyri
21:00 Söngkonan Regína Ósk hefur á síðustu vikum haldið tónleika þar sem hún flytur sín uppáhalds-

lög með hljómsveitinni The Carpenters. Að þessu sinni sækir hún Akureyringa heim og kemur fram á Græna hattinum.

DALTON

Hressó
22:00 Hljómsveitin Dalton spilar fyrir gesti Hressó þar til plötusnúðurinn Dj Elli tekur við og heldur uppi stemningu fram á nótt.

STÓNS

Hlégarður
22:00 Hljómsveitin Stóns, sem kallar sig Rolling Stones heiðrunarsveit Íslands, blæs til tónleika þar sem þeir munu flytja öll helstu lög frá 40 ára starfsferli hinna gamalreynðu þakkara. Stóns samanstendur af meðlimum Mínuss, Egó, Motion Boys og Esju en kynnar kvöldsins verða Dóri DNA og Steindi Jr.

VARSJÁRBANDALAGIÐ

Kaffi Rósenberg
22:00 Hljómsveitin Varsjárbandalagið sérhæfir sig í austur-evrópski tónlist, gyöngatónlist og öðru sem rekur á fjórum sveitarinnar. Ekta Austantjaldsþjór.

SNIGLABANDIÐ

Græni hatturinn, Akureyri
22:00 Sniglabandið fagnar um þessar mundir 25 ára starfsafmæli og ætla að því tilefni að líta fram á veginn, en einstaka sinnum í baksnýsspeglinn, að eigin sögn. Nú bregða þeir á leik fyrir Akureyringa.

JÓNSVÖKUTÓNLEIKAR

Nasa
23:00 Tónleikar á vegum Jónsvöku þar sem hljómsveitirnar Hudson Wayne, Sudden Weather Change, Kimono, Hjaltalín og Bloodgroup koma fram.



SUPERHERO PARTÍ

Barbara
23:00 Þema kvöldsins er tileinkað ofurhetjunum sem börðust fyrir réttindum samkynhneigðra í Stonewall-uppreisninni árið 1969. Starfsfólk verður klætt í ofurhetjubúninga eftir því og gestir eru hvattir til að taka þátt í gamninu. Tilboð á barnum til 2:00 fyrir meðlimi Q og Samtakanna 78.

BERMUDA

Vélsmiðjan, Akureyri
23:30 Hljómsveitin Bermuda leikur fyrir dansi á Akureyri, tvö kvöld í röð þessa helgina. Tilvalið tækifæri fyrir Akureyringa og nærsveitunga til að bregða undir sig betri fætinum.

MOJITO-KVÖLD

Regnbogasalur Samtakanna 78
21:00 Q félag samkynhneigðra stúdenta býður í föstudagshitting og að þessu sinni er Mojito-kvöld þar sem drykkurinn góði verður á sérstöku tilboðsverði. Allir velkomnir.

VARSJÁRBANDALAGIÐ

Kaffi Rósenberg
22:00 Hljómsveitin Varsjárbandalagið sérhæfir sig í austur-evrópski tónlist, gyöngatónlist og öðru sem rekur á fjórum sveitarinnar.

SILFUR

Hressó
22:00 Hljómsveitin Silfur telur inn í kvöldið fyrir áhorfendum en þegar þeir hafa lokið sér af tekur Dj Elli við.

BERMUDA

Vélsmiðjan, Akureyri
23:30 Hljómsveitin Bermuda leikur fyrir dansi á Akureyri, tvö kvöld í röð þessa helgina. Tilvalið tækifæri fyrir Akureyringa og nærsveitunga til að bregða undir sig betri fætinum.

sunnudagur

27
júní

POPUP VERSLUN

Hafnarhúsið
10:00 Í tilefni af listahátíðinni Jónsvöku verður PopUp verslun í Hafnarhúsinu frá klukkan 10 til 17. Þar mun fjöldinn allur af íslenskum hönnuðum selja hönnun sína.

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
17:00 Jessica Buzbee, básúna og Hörður Áskelsson, orgel leika fallega og spennandi efnisskrá, meðal annars eftir J.S. Bach, Guilmand og Huga Guðmundsson. Tónleikarnir standa í um klukkustund og er miðaverð 1.500 krónur og fer miðasala fram við innganginn.

STOFUTÓNLEIKAR

Gljúfrasteinn
16:00 Stofutónleikar verða í Gljúfrasteini alla sunnudaga í sumar og að þessu sinni eru þeir í höndum píanóleikarans Árna Heiðars Karlssonar, kontrabassaleikarans Gunnars Hrafnssonar og slagverksleikarans Mathíasar Hemstock. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

FLÓAMARKAÐUR

Hjartagarðurinn
17:00 Lokahnykkur listahátíðarinnar Jónsvöku fer fram í Hjartagarðinum (hjá Hemma og Valda). Graffiti listamaðurinn Maggi Noem lýkur við veggmynd sína og boðið verður upp

á lífandi tónlist og grill, en auk þess verður flóamarkaður þar sem hver sem er getur selt hvaðeina. Það kostar ekkert að taka þátt og eru áhugasamir hvattir til að senda póst á ensku á volunteers@jonsvaka.is og staðfesta komuna og þá verður tekið frá pláss fyrir viðkomandi.



CELLOPHANE

Iðnó
20:00 Einleikurinn vinsæli eftir Björk Jakobsdóttur hefur nú verið þýddur yfir á ensku og er það leikkonan Þórunn Lárusdóttir sem fer með hlutverk hennar langt leiddu húsmóður sem lendir í ógöngum þegar hún reynir að standast kröfur nútímasamfélags til kvenna. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að hafa ofan af fyrir erlendum gestum eða vilja bara skella sér á bráðfyndna sýningu á ensku. Miðaverð er 3.400 krónur en stúdentar fá miðann á 2.500 krónur.

Mynd/Ernir



Ekki vera sökker!

50% tilboð alla daga. Sjáðu á ring.is.



ÍSÚÐIN
LAUGALÆK



Stærsti
vínahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.



www.facebook.com/ringjarar